

**Fundargerð**  
**315. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Fimmtudaginn 4. nóvember 2021 kl. 8<sup>30</sup> – 10<sup>15</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Gunnlaug Einarsdóttir (GE)  
Hildur Hauksdóttir (HH) Jóhann Guðjónsdóttir (JG)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Ákveðið að byrja dagskrárlið 3. Samþykkt.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram með áorðnum breytingum sem kynntar voru á fundinum.

*Samþykkt.*

**2. Starfið framundan.**

Rætt um verkefnin framundan. Farið í dagskrárlið 1.

**3. Ársreikningur.**

Lagðir voru fram á fundinum ársreikningar og drög að skýrslu stjórnar fyrir árin 2017-2020. Farið var yfir að Fjársýsla ríkisins mun senda stjórnarmönnum ársreikning til rafrænnar undirritunar.

Stjórn ítrekar að hluti stjórnarmanna hafa setið í stjórn frá 2019 eða 2020 og hafi því ekki haft sömu möguleika til að fylgjast með rekstri líkt og aðrir sitjandi stjórnarmenn. Undirritun þeirra fyrir rekstrarárin 2017 og 2018 eru því með þessum fyrirvara.

Farið var yfir að vinna við ársskýrslu/starfsskýrslu 2020 er langt komin. Gert er ráð fyrir að ársreikningur 2020 verði hluti af skýrslunni og starfsskýrsla 2017-2019 verði endurútgefin með ársreikningum 2017-2019.

**4. Græn skref.**

Sagt var frá því að Úrvinnslusjóður stefnir á að fá úttekt á Grænum skrefum í ríkisrekstri fyrir áramót. Stefnt er að úttekt á fyrstu þremur skrefunum um miðjan nóvember.

GE mætti á fundinn, ásamt JG klukkan 8:55. GE fór yfir verkefnið og sýndi glærur. Einnig voru lögð fram drög að loftslagsstefnu sem kveðið er á um í Grænum skrefum og áskilin í lögum um loftslagsmál. GE fór yfir að stjórn Úrvinnslusjóðs þurfi að staðfesta stefnuna.

BHG mætti á fund klukkan 9:10.

Stjórn ræddi hvernig yrði staðið að kolefnisjöfnun. Umræðu frestað til næsta stjórnarfundar. GE yfirgaf fund klukkan 9:25.

### **5. Rafræn skilavottorð.**

JG fór yfir verkefnið og kynnti hvernig það tengist öðrum stafrænum verkefnum sjóðsins og samskiptum við aðrar stofnanir og ráðgjöfum frá Deloitte.

JG fór yfir að Stafrænt Ísland innleiddi að hluta rafræn skilavottorð í ársbyrjun 2020. Það sem á vantar er að móttökuaðilar sem eru á vegum sveitarfélaga, en Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélögum sem gera upp við móttökuaðila, geti staðfest móttöku ökutækja til úrvinnslu og sent afskráningarbeiðni til Samgöngustofu.

Fyrir liggur að ljúka verkefninu þannig að allir landsmenn geti nýtt sér rafræn skilavottorð sem og að setja upp tölvuviðmót fyrir sjóðinn. Stafrænt Ísland mun greiða fyrir sem nemur um 350 klst. í þau verkefni sem eftir eru, annar kostnaður mun lenda á Úrvinnslusjóð. JG sýndi glærur um framkvæmd verksins og metur að það þurfi að kaupa um 1.100 klst. frá Deloitte til að klára verkið. Vinna Deloitte fellur undir rammasamning ríkisins. Umræðu frestað. JG yfirgaf fund klukkan 9:45.

Farið í dagskrárlið nr. 2

### **6. Heyrúlluplast.**

Próun kostnaðar við úrvinnslu á heyrúlluplasti sem þjónustuaðilar fá greitt endurgjald fyrir að senda til ráðstöfunaraðila til endurvinnslu.

Frestað.

### **7. Önnur mál.**

ÓK fór yfir að vinnu er að ljúka við að taka saman lista yfir ráðstöfunaraðila Úrvinnslusjóðs og geta stjórnarmenn séð þrúfusiðu á vef sjóðsins. Stjórn óskar eftir að tekin verði saman samskonar listi um þjónustuaðila sjóðsins.

ÓK sagði frá væntanlegum samráðsfundum hjá Úrvinnslusjóði og UAR vegna hringrásarhagkerfisins.

Næsti fundur 18. nóvember 2021 kl. 8:30

Fundi slitið kl. 10:15